



Stjórn SSH 513. fundur

Mánudaginn 16. nóvember 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Framhald umræðu frá 511. fundi. Kynntar verða tillögur um stefnuráð byggðasamlaga svo og staða greiningar á verkefnum Sorpu bs. og Strætó bs. Gestir fundarins undir þessum lið eru Guðrún Ragnarsdóttir og Helga Hlín Hákonardóttir frá Strategíu.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir greiningu verkefna byggðasamlaganna.

Helga Hlín Hákonardóttir kynnir tillögur um stefnuráð byggðasamlaganna.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir hugmyndir um stýrihóp og stöðu verkefnisins á grundvelli innleiðingaráætlunar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að halda fræðslufund fyrir kjörna fulltrúa, þar sem fjallað verði um stöðu greiningar á verkefnum þegar hún er lengra komin og tillögur um stefnuráð.

Formanni, í samráði við framkvæmdastjóra, er falið að útfæra tillögur um stofnun stýrihóps vegna verkefnisins.

2. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Umfjöllun um félagshagfræðilega greiningu Borgarlínu sem unnin var af Mannviti hf. og Cowi A/S. Gestir fundarins undir þessum lið eru Hrafnkell Á. Proppé og Lilja Guðríður Karlsdóttir.

Hrafnkell Á. Proppé kynnir ástæður fyrir því að félagshagfræðigreining á Borgarlínuframkvæmdum var gerð, og fjallar um gagnrýni sem fram hefur komið vegna hennar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:



Óskað er eftir að verkefnastofa Borgarlínu vinni samantekt um þá umfjöllun sem fram hefur komið um félagshagfræðilega greiningu Borgarlínuframkvæmda.

3. Höfuðborgarstefna / málsnr. 2011001

Fyrirliggjandi er bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 26. október 2020, þar sem óskað er eftir tilnefningu SSH á fulltrúa í starfshóp um höfuðborgarstefnu.

Niðurstaða fundar:

Stjórn ákveður að tilnefna Rósu Guðbjartsdóttur sem fulltrúa SSH í starfshóp um höfuðborgarstefnu.

4. Önnur mál

- a. Formaður tekur á dagskrá ábendingar sem fram komu á aðalfundi varðandi aðgang kjörinna fulltrúa og almennings að fundargerður og fylgigögnum. Í starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir því að heimasíða verði uppfærð og sett verði upp nýtt gagnamiðlunarkerfi sem stuðli að þessu markmiði.

Umræður.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.